



# Framkvæmda- fréttir 21. tbl. /07



Áningarstaður Vegagerðarinnar við Norðausturveg (85) á Tjörnesi.

## Auglýsingar útboða

### Göngubrú á Hítará, smíði stáls 07-075

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í smíði og yfirborðsmeðhöndlun á stáli í göngubrú á Hítará við Snæfellsnesveg.

Helstu magntölur eru:

Handrið .....	74 m
Stálsmíði .....	5,54 t
Heitgalvanhúðun .....	19,1 m <sup>2</sup>
Málun. ....	65,4 m <sup>2</sup>

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. febrúar 2008.

Útboðsgögnin verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 13. ágúst 2007. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 4. september 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Skorradalsvegur (508), Grund – Hvammur 07-029

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurlögn á 2,74 km löngum kafla Skorradalsvegar milli Grundar og Hvamms.

Helstu magntölur eru:

Fylling og fláafleygar .....	18.120 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag .....	5.300 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag .....	4.300 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing .....	18.500 m <sup>2</sup>
Ræsalögn .....	256 m
Frágangur fláa .....	21.800 m <sup>2</sup>

Verkinu er skipt í tvo áfanga. Skal fyrri áfanga lokið eigi síðar en 30. nóvember 2007 og verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 15. júlí 2008.

Útboðsgögnin verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði, Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 13. ágúst 2007. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 28. ágúst 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 21. tbl. 15. árg. nr. 475 13. ágúst 2007

Ritstjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar  
Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
(bréfsími 522 1109)  
eða **vai@vegag.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

## Niðurstöður útboða

### Vetrarþjónusta á Hringvegi (1), Norðausturvegi (85) og Aðaldalsvegi (845) frá Krossi til Húsavíkur 2007-2010 07-074

Tilboð opnuð 31. júlí 2007. Snjómokstur með vöru- bifreiðum ásamt stjórnun og eftirliti með snjómokstri, innan ramma marksamnings, á leiðinni: Hringvegur (1), Norðausturvegur (85) og Aðaldalsvegur (845) frá Krossi til Húsavíkur

Helstu magnþölur á ári eru (viðmiðunartölur marksamnings):

Snjómokstur og hálkuvörn með vörubíl . . . . .	25.700 km/ár
Eftirlit á smábíl . . . . .	21.000 km/ár
Vörubíll mokstur tímagjald . . . . .	40 klst./ár
Tímar manns . . . . .	10 klst./ár

Verktími er frá 1. október 2007 til og með 30. apríl 2010.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
6 Jón Ingi Björnsson	16.539.000	116,7	5.078
5 Hóll ehf.	16.295.000	115,0	4.834
4 Jarðverk ehf.	14.718.000	103,9	3.257
3 Alverk ehf.	14.198.000	100,2	2.737
--- Áætlaður verktakakostnaður	14.168.500	100,0	2.708
2 Icefox ehf.	13.697.500	96,7	2.237
1 Vinnuvélar Reynis ehf.	11.460.800	80,9	0

### Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hérað 07-053

Tilboð opnuð 31. júlí 2007. Snjómokstur og hálkuvörnir með vörubifreiðum, ásamt upplýsingagjöf, á vegum á Jökuldalsheiði og Fljótsdalshéraði, Seyðisfirði og Borgarfirði eystra á Austurlandi.

Helstu magnþölur á ári eru:

Snjómokstur og hálkuvörn með vörubílum . . . . .	1.200 klst.
Snjómokstur og hálkuvörn með vörubílum . . . . .	37.500 km

Verktími er frá 15. október 2007 til og með 15. maí 2010.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	22.103.000	100,0	637
1 P.S. verktakar ehf.	21.465.600	97,1	0

## Umferðarmerki á röngum stað

Sú hugmynd hefur komið fram að birta hér í blaðinu myndir af umferðarmerkjum sem á einhvern hátt er ranglega komið fyrir. Tilgangurinn er þá að fá vegagerðarmenn til að hugsa meira um hlutverk og eðli umferðarmerkinga því reglur eru ekki algildar og stundum þarf að nota hyggjuvitið þegar merki eru sett upp.

Meðfylgjandi mynd var tekin í sumar þar sem unnið var að viðhaldsframkvæmdum. Þarna hefur verið merkt samkvæmt reglum og má sjá bakhlíð vinnustaðamerkinga vinstra megin á myndinni. Í handbókinni er lögð áhersla á að þar sem hámarkshraði er lækkaður vegna framkvæmda skuli merkja endamörk vinnusvæðis þar sem hefðbundinn hámarkshraði gildir að nýju. Þess vegna standa merki með takmörkuðum hámarkshraða og hefðbundum hámarkshraða yfirleitt á sama stað, sitthvoru megin vegar, hvort fyrir sína akstursátt.

En eins og sjá má á myndinni þarf líka að meta aðstæður. Þarna gefur það mjög villandi skilaboð að merkja hámarks- hraða 90 km/klst. 30 metrum frá vegamótum með bið- skyldu. Betra hefði verið að setja merkið upp handan vegamótanna.

### Vetrarþjónusta á Hringvegi (1), Aðaldalsvegur (845) – Biskupsháls, 2007-2010 07-073

Tilboð opnuð 31. júlí 2007. Snjómokstur með vöru- bifreiðum ásamt stjórnun og eftirliti með snjómokstri, innan ramma marksamnings, á leiðinni:


Hringvegur (1), Aðaldalsvegur(845) – Biskupsháls.

Helstu magnþölur á ári eru (viðmiðunartölur marksamnings):

Snjómokstur og hálkuvörn með vörubíl . . . . .	18.000 km/ár
Eftirlit á smábíl . . . . .	14.000 km/ár
Vörubíll mokstur tímagjald . . . . .	100 klst./ár
Tímar manns . . . . .	10 klst./ár

Verktími er frá 1. október 2007 til og með 30. apríl 2010.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
6 Jón Ingi Björnsson	12.600.000	120,7	4.106
5 Malarvinnslan hf.	10.976.000	105,1	2.482
4 Alverk ehf.	10.530.000	100,9	2.036
--- Áætlaður verktakakostnaður	10.440.000	100,0	1.946
3 Jón Ingi Hinriksson	10.242.000	98,1	1.748
2 Icefox ehf.	9.910.000	94,9	1.416
1 Vinnuvélar Reynis ehf.	8.494.000	81,4	0



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 6. ágúst 2007. Búið er að sprengja 2.119 m í Siglufirði og 1.646 m í Ólafsfirði.



## Vetrarþjónusta á Norðausturvegi (85) á Tjörnesi og Kísilvegi (87), 2007-2010 07-072

Tilboð opnuð 31. júlí 2007. Snjómokstur með vöru-  
bifreiðum ásamt stjórnun og eftirliti með snjómokstri, innan  
ramma marksamnings, á leiðinni:

Norðausturvegur (85) á Tjörnesi og Kísilvegur (87)

Helstu magntölur á ári eru (viðmiðunartölur marksam-  
nings) :

Snjómokstur og hálkuvörn með vörubíl . . . . .	28.000 km/ár
Eftirlit á smábíl . . . . .	27.000 km/ár
Vörubíll mokstur tímagjald . . . . .	50 klst./ár
Tímar manns . . . . .	100 klst./ár

Verktími er frá 1. október 2007 til og með 30. apríl 2010.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (pús.kr.)
5 Hóll ehf.	20.360.000	122,9	7.694
4 Malarvinnslan hf.	17.865.000	107,8	5.199
3 Alverk ehf.	16.760.000	101,2	4.094
--- Áætlaður verktakakostnaður	16.567.500	100,0	3.901
2 Vinnuvélar Reynis ehf.	13.115.000	79,2	449
1 Aðalsteinn Guðmundsson og Reynir B. Ingvason	12.666.500	76,5	0

## Óshlíðargöng - forval

Eftirtaldir verktakar og verktakahópar hafa óskað eftir  
að taka þátt í forvali vegna Óshlíðarganga.

Íslenskir aðalverktakar hf., Reykjavík  
Marti Contractors Ltd., Sviss

Metrostav a.s., Tékkland  
Háfell ehf., Reykjavík

Ístak hf., Reykjavík

Leonhard Nilsen & Sønner As., Noregur  
Héraðsverk ehf., Egilsstaðir

Klæðning ehf., Hafnarfjörður

## Héðinsfjarðargöng

Vinna við gróft Héðinsfjarðarganga frá Ólafsfirði gekk  
vel í viku 31. Lengd ganga þeim megin frá er nú 1.646 m  
og lengdust göngin þar um 69 m í vikunni. Minni háttar  
bergþéttingar fóru fram þar í vikulokin.

Siglufjarðarmegin gekk hægar vegna umfangsmeiri  
bergþéttinga. Lengd ganga þar er nú um 2.119 m og  
lengdust göngin þeim megin frá um 31 m í viku 31.

Samanlögð lengd ganga er nú um 3.765 m sem er um  
35,6% af heildarlengd.



Samtals er búið að sprengja 3.765 m sem er 35,6% af heildarlengd.

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
07-087 Vestfjarðavegur (60), Hofstaðavegur - Þorskafjarðarvegur	07
07-084 Suðurstrandarvegur (427), Ísólfsskáli - Þorlákshafnarvegur	07
07-085 Óshlíðargöng, eftirlit	07
07-086 Strandavegur (643), Djúpvogur - Drangnesvegur	07
07-070 Eyjafjarðarbraut vestri (821), Sandhólar - Nes	07
07-063 Upphéraðsvegur, Setberg - Ormarsstaðaá	07
07-026 Hringvegur (1), Draugahlíðarbrekka - Fossvellir, breikkun vegar	07
07-030 Skeiða- og Hrunamannavegur (30), Skiptiholt - Foss	07
07-038 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg, eftirlit	07
07-037 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg	07
07-040 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit	07
07-039 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	07
07-031 Þórsmurkurvegur (249), Gljúfurá - Dalsá	07
07-019 Norðausturvegur (85), Brunahvammsháls - Bunguflói	07
07-018 Hringvegur (1), Hvalnes- og Pvottáskriður	07
07-012 Skagavegur (745), snjóastaðir	07
07-011 Framsveitarvegur (576), Snæfellsnesvegur - golfvöllur	07
07-010 Leirársveitarvegur (504), Leirá - Svínadalsvegur	07
07-009 Hvammstangavegur (72) um Hvammstanga	07
07-008 Miðfjarðarvegur (704), Laugarbakki - Hringvegur	07
06-031 Hringvegur (1), Borgarnes, vistgata	07
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	07
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	07
06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn	07

Norðausturvegur (85) sunnan við Kópasker.  
Vegagerð. Myndin er tekin 24. júlí 2007.



Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
06-029 Skorraddalsvegur (508), Grund - Hvammur	13.08.07	28.08.07
07-075 Göngubrú á Hítará, smíði stáls	13.08.07	04.09.07
07-081 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Norðfjarðarvegur (92)	30.07.07	14.08.07
07-082 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Norðausturvegur (85) Lón - Raufarhöfn	30.07.07	14.08.07
07-080 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Suðurfjarðavegur (96)	30.07.07	14.08.07
07-079 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hringvegur (1) Breiðdalsvík - Djúpvogur, Axarvegur	30.07.07	14.08.07
07-078 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hringvegur (1) Djúpvogur - Höfn	30.07.07	14.08.07
07-077 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hringvegur (1) Höfn - Örnefi	30.07.07	14.08.07
07-083 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Norðausturvegur (85) Raufarhöfn - Fell	30.07.07	14.08.07
07-052 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Bakkafjörður - Vopnafjörður	30.07.07	14.08.07
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
07-062 Óshlíðargöng, forval	18.06.07	07.08.07
07-072 Vetrarþjónusta á Norðaustur- vegi (85) á Tjörnesi og Kísilvegi (87) 2007-2010	16.07.07	31.07.07
07-073 Vetrarþjónusta á Hringvegi (1), Aðaldalsvegur (845) – Biskupsháls. 2007-2010	16.07.07	31.07.07
07-074 Vetrarþjónusta á Hringvegi (1), Norðausturvegi (85) og Aðaldals- vegi (845) frá Krossi til Húsavíkur 2007-2010	16.07.07	31.07.07
07-053 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hérað	16.07.07	31.07.07
07-049 Vetrarþjónusta á Hringvegi (1) um Öxnadalshéiði 2007-2010,	25.06.07	10.07.07
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
07-048 Festun og yfirlögn, Norðaustursvæði 2007-2008 Árni Helgason ehf.	03.07.07	02.08.07